

Ed.

493. Nefndarátt

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta frumvarp er komið frá neðri deild og hefir verið samþykkt þar óbreytt eins og það var lagt fyrir þá deild. Nefndin er sammála um, að frv. nái fram að ganga. Einn nefndarmaður, Ingvar Pálmason, hefir þó sjerstöðu til málsins að því leyti, að hann vill gera á frv. nokkrar breytingar.

Af ofantöldu leggur öll nefndin til, að frumvarpið nái fram að ganga. Tveir nefndarmenn, Erlingur Friðjónsson og Halldór Steinsson, fylgja frumvarpinu óbreyttu, en einn nefndarmaður, Ingvar Pálmason, mun flytja við það nokkrar breytingar.

Alþingi, 1. maí 1929.

Erlingur Friðjónsson,
form. og frsm.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.
Með fyrirvara.

H. Steinsson.